

Kristjana Gestsdóttir

From: Kristófer A. Tómasson
Sent: fimmtudagur, 14. febrúar 2019 13:27
To: Kristjana Gestsdóttir
Subject: FW: Fornleifaskráning ofl.
Attachments: FS716-1801 Þjósárdalur skráning fornminja úr lofti_lett.pdf

Setjum á fund 15 til afgreiðslu

Kveðja góð Kristófer T

From: Ragnheiður Gló <ragnheidur@fornleif.is>
Sent: fimmtudagur, 14. febrúar 2019 13:20
To: Kristófer A. Tómasson <kristofer@skeidgnup.is>
Cc: Oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps <oddviti@skeidgnup.is>
Subject: Re: Fornleifaskráning ofl.

Sælir,

Hér í viðhengi er „létt“ útgáfa af skýrslunni Þjósárdalur: skráning fornminja úr lofti. Skýrsla í fullri upplausn kemur í gegnum WeTransfer, í sérstökum pósti. Afsakið seinkunina, þetta dróst því miður of lengi hjá mér. Endilega skoðið þetta og vonandi verður þetta gott innlegg inn í fyrirhuguð friðlýsingaráform, það er nú samt einungis tilviljun að þetta kemur allt á svipuðum tíma. Það fylgja verkefninu gríðarlega mikil gögn, m.a. ljósmyndir og ýmis stafræn gögn. Ég get afhent þau, þ.e. ef þið viljið.

Ég er búin að skila skýrslunni til Fornminjasjóðs og síðasta greiðslan frá þeim ætti því að berast sveitarfélaginu á næstu dögum, og í kjölfarið rukkun frá Fornleifastofnun.

2. Úrvinnsla aðalskráningar er hafin, skýrslunni verður skilað í mars. Því miður náðist ekki að skrá allan Þjósárdal eins og ég sagði í fyrri pósti. Það var samið um skráningu til eins árs en það væri gott að fara að huga af framhaldi, þ.e. ef sveitarfélagið ætlar sér það. Ég er farin að raða verkefnum sumarsins niður og dagskráin er fljót að fyllast og gott að hafa svolítinn fyrirvara á þessu öllu. Ef af verður, þá myndi ég vilja klára skráningu í Þjósárdal og halda áfram með bæina, mögulega Hamarsheiði, Ása, Stóru- og Minni Mástungu, Skáldabúðir og Steinsholt.

3. Ég sendi inn umsókn um uppgröft á öskuhaugunum á „Bergsstöðum“ í Fornminjasjóð. Ég býst við að úthutun úr sjóðnum verði í byrjun apríl eða svo. Ég krosslegg bara fingur um að fá styrk þetta árið.

Kv,

Ragnheiður

On Thu, Jan 3, 2019 at 8:55 AM Kristófer A. Tómasson <kristofer@skeidgnup.is> wrote:

Sæl Ragnheiður og gleðilegt ár.

Síðasta ár var aldeilis tíðindaríkt hvað varðar fornleifar varðar í dalnum okkar.

Ég fagna þínum verkefnum varðandi skráningu fornleifa í Þjórsárdalnum og ég tek undir með Skafta og finnst áhugavert að haldið verði áfram með fornleifauppgröft og vona sannarlega að fjármagn fái til verkefnisins.

Kveðja góð Kristófer T

From: Oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps
Sent: miðvikudagur, 2. janúar 2019 18:53
To: Ragnheiður Gló <ragnheidur@fornleif.is>; Kristófer A. Tómasson <kristofer@skeidgnup.is>
Subject: RE: Fornleifaskráning ofl.

Sæl Ragnheiður

Nú stendur til að Umhverfisstofnun friðlýsi Gjánna a.m.k. og vonir margra eru að hægt verði að taka stærra svæði fyrir e.t.v. stóran hluta af Þjórsárdalnum. Kristín Huld, forstöðumaður Minjastofnunar hefur sett sig á mótí því að friðlýst verði, nema á þeirra forsendum, stærra svæði en Gjánna og alls ekki þar sem menningar minjar eru. Eftir því sem ég best veit þá eru flestar minjar í Þjórsárdal friðlýstar. Ef ekki vegna friðlýsinga sem áður voru framkvæmdar þá vegna hundrað ára reglunnar. Samt er alltaf gott að ganga varlega um.

Mér líst vel á að halda áfram fornleifauppgræftri í Dalnum. Vona að þú fái þann stuðning sem þarf til svo að hægt sé að halda áfram.

Með bestu kveðju

Skafti Bjarnason

Oddviti.

From: Ragnheiður Gló <ragnheidur@fornleif.is>
Sent: miðvikudagur, 2. janúar 2019 10:36
To: Kristófer A. Tómasson <kristofer@skeidgnup.is>; Oddviti Skeiða- og Gnúpverjahrepps <oddviti@skeidgnup.is>
Subject: Fornleifaskráning ofl.

Sælir,

Gleðilegt nýtt ár og takk kærlega fyrir samstarfið á því liðna, það var heldur betur gjöfult fyrir sveitarfélagið og okkur öll. Ég ákvað að senda ykkur smá stöðuuppfærslu, hugmynd að næstu fornminjasjóðsumsókn og vonandi áframhaldandi skráningu. Ég gaf þessu númer til aðgreiningar hér neðar.

1. Verkefnið Þjórsárdalur úr lofti (sem fékk úthlutun úr Fornminjasjóði 2018) er á lokametrunum. Ég sendi það í yfirlestur á næstu dögum og vonandi lokaskýrslu síðar í þessum mánuði. En í stuttu máli þá myndaði ég 13 bæjarstæði og fann nýjar minjar á þeim flestum. Ég kynni þetta betur fyrir ykkur þegar ég skila skýrslunni og vonandi munum við nýta verkefnið og gögnin áfram. Ég sé m.a. fyrir mér umsókn í Uppbyggingarsjóð Suðurlands í mars.

2. Úrvinnsla aðalskráningar er hafin, skýrslunni verður skilað í febrúar-mars. Eins og samið var um þá skráðum við 250 minjastaði í sveitarfélaginu á jörðunum Fossnesi, Haga, Ásólfstöðum, Skriðufelli auk Þjórsárdals. Því miður náðist ekki að skrá allan Þjórsárdal, þetta er gríðarlega flókið landssvæði og minjarnar illa farnar. Það bárust mikið af nýjum upplýsingum um minjar á svæðinu þegar unnið var að báðum verkefnum og mér hreinlega féllust hendur á tímavarki. Þrátt fyrir að Þjórsárdalur sé eitt mest rannsakaða svæði Íslands, þá er ansi mikið sem við vitum ekki um dalinn og þetta einstaka minjasvæði sem þarna er. Eins og þið vitið fengu Bergsstaðir 15 mín frægð og í kjölfarið fékk ég afhenta um 100 gripum sem safnað var í dalnum fyrir 20-30 áum eða svo. Hluti af þeim eru fágætir og vonandi verður hægt að fá fjármagn til þess að rannsaka þá frekar. Ég er enn að fá fregnir af gripum hér og þar og ljóst að þetta verkefni vatt heldur betur upp á sig. En í stuttu máli þá eru vísbendingar um möguleg kuml á tveimur stöðum, smiðjur og gjall á nokkrum stöðum og ljóst að mikil vinna er að koma öllum þessum upplýsingum heim og saman. Það var samið um skráningu til eins árs en það væri gott að fara að huga af framhaldi, þ.e. ef sveitarfélagið ætlar sér það. Ef af verður, þá myndi ég vilja klára skráningu í Þjórsárdal og halda áfram með bæina, mögulega Hamarsheiði, Ása, Stóru- og Minni Mástungu, Skáldabúðir og Steinsholt.

3. 10. janúar næstkomandi er umsóknarfrestur í Fornminjasjóð árið 2019. Ég ætla senda inn umsókn, þriggja ára rannsóknaráætlun í Þjórsárdal. Hún færir inn í mínu nafni. Hugmyndin er að grafa Bergsstaði upp og fyrsta árið yrði byrjað á öskuhaugunum sem þar eru. Næsta ár yrði smiðjan rannsökuð og á því síðasta mögulegur skáli. Hlutar af rannsókninni væru griparannsóknir og ítarleg vettvangsskráning á vissum svæðum í dalnum. Það er mín tilfinning að hefðbundin aðalskráning dugi ekki til í Þjórsárdal, svæðið er alltof flókið fyrir þá vinnu. Með þessu væri hægt að gera svæðinu mun betri skil en nú er og leysa viss vandamál sem komu upp í haust. En umsóknin er í vinnslu og mun breytast eitthvað á næstu dögum.

Hvað segið þið um þetta?

Kv,

Ragnheiður

